

STJÓRNARTÍÐINDI B 7 — 1967

4. apríl 1967.

223

Nr. 134.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af íbúðarhverfi í Skildinganesi í Reykjavík, er afmarkast af Þvervegi, Baugsvegi, Shellvegi og strandlengjunni.

Hinn 27. febrúar 1967 hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest skipulagsupprætti af íbúðarhverfi í Skildingarnesi í Reykjavík, sem afmarkast af Þvervegi, Baugsvegi, Shellvegi og strandlengjunni.

Félagsmálaráðuneytið, 4. apríl 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. apríl 1967.

Nr. 135.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af miðbæ Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 17. apríl 1967 staðfest skipulagsupprætti af miðbæ Hafnarfjarðar. Hið skipulagða svæði takmarkast af Reykjavíkurvegi, Austurgötu, Lækjargötu og Fjarðargötu auk reitar vestan Reykjavíkurvegar milli Vesturgötu og sjávar og austan fiskiðjuvers Bæjarútgerðar Hafnarfjarðar.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

22. apríl 1967.

Nr. 136.

AUGLÝSING

um staðfestingu á skipulagsupprætti af Þykkvabæ í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 17. apríl 1967 staðfest skipulagsupprætti af Þykkvabæ í Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 22. apríl 1967.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

B 28